

Athugasemdir Samtaka Selabænda við frumvarp til laga umbreytingar á lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum, nr. 64/1994, með síðari breytingum.

140 löggjafarþing 2011-2012. Þingskjal 712 _ 466. mál.

Stjórn Samtaka Selabænda sér ekki ástæðu til að gera þessar breytingar enda stangast þær á við 72. grein Stjórnarskrár um eignarrétt, þar sem sérstakt leyfi yfirvalda þarf til að stunda hefðbundna hlunnindanýtingu. Að okkar áliti er þetta frumvarp handónýtt og hefur enga þýðingu aðra en að auka útgjöld og íþyngja bændum.

Selir hafa notið verndar samkvæmt lögum, spr. ákvæði Jónsbókar og veiðitilskipunar frá 1849. Þannig að ekki er rétt að selir njóti enngar verndar með lögum. Það að núgildandi lög um sel hafi verið óvirk er vegna þess að umgengni bænda um selastofnana og látrin er í lagi og þess vegna þarf ekki að búa til ný lög sem eru íþyngjandi fyrir þá bændur sem af selnum hafa tekjur. Með því er verið að flytja rétt bænda til sjálfsbjargar og leyfi til þess, til „bjúrókrata“ í Reykjavík eða jafnvel Brussel. Við væntum vægast sagt ekki mikils skilnings hjá mönnum sem hafa að mestu leiti slitið brókum sínum á skólabekk og við skrifborð í ráðuneytum. Í meginatriðum hefur sú regla verið í heiðri höfð að aðrir en látraeigendur hafa ekki veitt sel, nema til að sæta sér í munni, en það er svo lítið að ekki tekur að fjargviðrast út af því, enda fyrrnefnd friðunarákvæði í nær öllum tilfellum virt.

Eini ófriðurinn sem að hefur kveðið og að sel hefur steðjað, er frá þeirri nefnd sem kallaðist Hringormanevnd og var sett á stofn af samtökum útgerða og fiskvinnslu um 1980. Þá fór fram stórfellt rán og óskapleg aðför að selalátrum um allt land. Þar sem sendimenn Hringormanevndar fóru ránshendi um nær öll selalátur á Íslandi. Það virðist að sú herferð hafi verið með vitund og vilja yfirvalda. Að minnstakosti gerðu yfirvöld harla lítið til þess að stemma stigu við því athæfi, og hefði litlu skift þó um selinn hefðu gilt önnur lög. Í því stríði féll um það bil helmingur selastofnsins og síðan þegar grásleppubátar stækkuðu og fóru að sækja lengra frá höfnum fór næstum allt sem eftir var af selastofninum í grásleppunetin sem meðafli, en þar var ekki um neitt ólöglegt athæfi að ræða, annað en að grunur leikur á að lítið hafi verið um skráningu á þeim meðafli. Það er á þessum málum og öðrum viðlíka sem þarf að taka, og það er hægt með núgildandi lögum. Bændur hafa nýtt hlunnindi jarða sinna um aldir, þar með taldar selveiðar. Þeirra hagsmunir voru og eru að ganga ekki á stofninn. Enda þær sveiflur sem orðið hafa á selastofnunum ekki af þeirra völdum.

Við erum því alfarið á móti þeim breytingum sem þetta frumvarp felur í sér.

Það er einnig krafa okkar að selur verði áfram undir þeim hluta stjórnsýslunnar sem heyrir til landbúnaðar, þar sem selalátur tilheyra jörðum.

Stjórn Samtaka Selabænda.

Pétur Guðmundsson Ófeigsfirði

Ásgeir Gunnar Jónsson Stykkishólmi

Hafsteinn Guðmundsson Flatey